



# Beiðni um eyðingu persónuupplýsinga

Á grundvelli laga um persónuvernd hefur skráður einstaklingur, í ákveðnum tilvikum, rétt til eyðingar persónuupplýsinga. Í 17. gr. persónuverndarreglugerðarinnar er kveðið á um til eyðingar, eða *réttinn til að gleymast*. Samkvæmt ákvæðinu skal skráður einstaklingur eiga rétt á að ábyrgðaraðilinn eyði persónuupplýsingum er hann varða án ótilhlýðilegrar tafar og skal ábyrgðaraðilanum skylt að eyða persónuupplýsingunum án ótilhlýðilegrar tafar ef ein eftirtalinna ástæðna á við:

- persónuupplýsingarnar eru ekki lengur nauðsynlegar í þeim tilgangi sem lá að baki söfnun þeirra,
- hinn skráði dregur til baka samþykkið sem vinnslan byggist á og ekki er annar lagagrundvöllur fyrir vinnslunni,
- hinn skráði andmælir vinnslunni og ekki eru fyrir hendi lögmætastæður fyrir vinnslunni sem ganga framar eða hann andmælir vinnslunni skv. 2. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar,
- vinnsla persónuupplýsinganna var ólögmæt,
- eyða þarf persónuupplýsingunum til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á Securitas hf.,
- persónuupplýsingunum var safnað í tengslum við boð um þjónustu í upplýsingasamfélaginu.

Tímafrestir: Veita skal skráðum einstaklingi upplýsingar um aðgerðir innan mánaðar frá viðtöku beiðinnar. Lengja má frestinn um tvo mánuði til viðbótar ef þörf er á, með hliðsjón af fjölda beiðna og því hversu flóknar þær eru.

Ef þú óskar eftir að Securitas hf. eyði persónuupplýsingum þínum þarftu að fylla út neðangreint form og senda á tölvupóstfangið [personuvernd@securitas.is](mailto:personuvernd@securitas.is)

## GRUNNUPPLÝSINGAR UM ÞIG

NAFN	
KENNITALA	
HEIMILISFANG	
SÍMANÚMÉR	
NETFANG	

## Hvaða persónuupplýsingum óskar þú að verði eytt?

Vinsamlegast tilgreindu hvaða persónu-upplýsingunum verði eytt. Vinsamlegast athugaðu að Securitas getur hafnað eyðingu persónuupplýsinga ef skilyrði 3. mgr. 17. gr. persónuverndarreglugerðarinnar eiga við eða tæknilegar hindranir standa í vegi fyrir eyðingu upplýsinganna, einnig ef réttindi félagsins eða annarra vega þyngra.

**Heimildir til að hafna beiðnum:** Í sumum tilvikum er Securitas heimilt að hafna beiðni eyðingu persónuupplýsinga að því marki sem vinnslan er nauðsynleg. Á fyrirtækjum hvílir t.d. lagaskylda til að geyma ákveðin gögn, sbr. t.d. bókhaldsgögn.

Vinsamlegast staðfestu með undirskrift þinni að þú gerir þér grein fyrir því að;

- lagalegar hindranir geta staðið því í vegi að persónuupplýsingum verði eytt, t.a.m. bókhaldslög
- Securitas hf. getur innheimt gjald fyrir vinnslu beiðnar þinnar eða hafnað henni ef hún telst augljóslega tilefnislaus eða óhófleg, einkum vegna endurtekningar, sbr. 5. mgr. 12. gr. persónuverndarreglugerðarinnar
- eyðing persónuupplýsinga getur verið forsendubrestur fyrir áframhaldandi viðskiptum við þig.

Reykjavík, Click or tap to enter a date.

Nafn og kennitala